

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,  
með síðari breytingum (bílaleigur).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Skattskyldum aðilum sem við gildistöku ákvæðis þessa hafa leyfi til að reka bílaleigu samkvæmt lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, er heimilt við kaup á notuðum fólksbifreiðum að reikna innskatt af kaupverði bifreiða sem verða til útleigu, þó svo að virðisaukaskattur hafi ekki verið lagður á við sölu á viðkomandi bifreiðum til bílaleigunnar. Innskatturinn skal nema 20,32% af kaupverði bifreiðar.

Fjöldi keyptra bifreiða samkvæmt heimild 1. mgr. má ekki vera meiri en 15% af heildarfjölda fólksbifreiða sem eru í eigu bílaleigunnar 1. júlí 2010.

Endursala bifreiða sem um ræðir í 1. mgr. telst til skattskyldrar veltu skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Sundurliða skal í bókhaldi upplýsingar um kaup og sölu bifreiðanna í samræmi við 9. gr. a reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt.

Heimild skv. 1. og 2. mgr. gildir til 31. desember 2010.

## 2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. mars 2010.***Jóhanna Sigurðardóttir.****Ragnheiður Ríkharðsdóttir.****Ingibjörg Benediktsdóttir.**

(L. S.)

---

*Steingrímur J. Sigfússon.*